

Mál nr. 104/2019**M og
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við líkamstjón vegna falls í stiga 28.8.2016.****Gögn.**

Málskot, dags. 15. mars 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25. mars 2019.

Málsatvik.

Í tilkynningu M til V dags. 27. október 2017 kemur fram að hún hafi dottið í stiga fyrir framan heimili sitt 28. ágúst 2016 og þar fengið högg á mjöðm. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi ekki leitað til læknis vegna afleiðinga fallsins, en leitað á slysadeild 8. desember 2016 vegna verkja í hálsi og herðum og þá minnst á fallið í stiganum. Tveimur dögum síðar hafði hún einnig farið á slysadeild vegna bakverkjar.

M telur að einkenni sem hún finnur nú fyrir í baki/lendahrygg séu vegna fallsins 28. ágúst 2016 og greiða eigi bætur úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar vegna þess. M telur að sannað sé að orsakatengsl séu milli fallsins og einkenna hennar, hún hafi verið í sjúkraþjálfun vegna þeirra og ástæða þess að hún hafi ekki leitað til læknis strax eftir fallið hafi verið sú að hún hafi verið með verki í liðum eftir fæðingu barns árið 2015 og fyrst um sinn hafi einkenni blandast eitthvað saman.

V telur orsakatengsl ósönnuð milli þeirra einkenna sem M býr við og fallsins í stiganum í ágúst 2016. V bendir á að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en um þremur mánuðum eftir tjónsatburðinn þannig að engin samtímagögn liggi fyrir um einkenni hennar. Þegar hún hafi leitað til læknis í desember 2016 hafi það verið vegna verkja í hálsi og herðum, en ekki minnst á bakverki fyrr en tveimur dögum síðar.

Álit.

Ekki er ágreiningur í málinu um að M hafi fallið í stiga hinn 28. ágúst 2016. Ágreiningur er hins vegar um hvort það fall hafi leitt til líkamstjóns. Sönnunarbyrði um afleiðingar fallsins hvílir á M og þau gögn sem liggja fyrir um líkamstjón hennar eru ekki óyggjandi um að rekja megi einkenni hennar nú til fallsins. Þar er helst til þess að líta að nokkur tími leið frá fallinu þar til M leitaði læknishjálpar, einkenni eru almenn og ekki liggur fyrir læknisfræðilegt mat á því að þau sé hægt að rekja til fallsins. Verður því ekki fallist á að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.